

9. gr.

68

Þegar nemendur þeir, sem í stjórn sjóðsins eru, eiga sjálfir hlut að máli um lán eða styrkveitingu, koma varamenn í þeirra stað. 10. júlí

10. gr.

Til þess að skipulagsskrá þessari verði breytt, þarf samþykki nemenda og yfirstjórnar skólans.

11. gr.

Skipulagsskrá um Nemendasjóð séra Magnúsar Helgasonar, útgefin 19. marz 1929, fellur úr gildi þegar framanrituð skipulagsskrá hefir öðlzt konunglega staðfestingu.

12. gr.

Leitað skal konunglegrar staðfestingar á framanritaðri skipulagsskrá.

S A M Þ Y K K T

69

um

17. júlí

samgirðingu fyrir austurhluta Áshrepps.

Hreppsnefnd Áshrepps hefir samkvæmt girðingarlögunum frá 22. nóv. 1913 gert eftirfarandi girðingarsamþykkt fyrir jarðirnar Guðrúnarstaði, Marðarnúp, Gilá, Kötlustaði og Hof.

1. gr.

Girða skal frá sunnanverðu Dalagili, austur Rjóðurháls, að Rjóðurflá, þaðan norður Prívörðuás, í suðurenda Gaflskletta. Girðing þessi skal vera fimmþætt gaddavirsgirðing, eða virnet með streng yfir, og að öðru leyti eins og krafizt er með fullkomnar girðingar. Fullkomin hlið skulu vera þar, sem nauðsyn er á.

2. gr.

Kostnaði öllum af lagningu girðingarinnar, svo og árlegum viðhaldskostnaði, afborganir af lánum og vöxtum af þeim, skal jafna niður þannig:

- a. Að hálfu á landverð jarðanna, Guðrúnarstaða, Marðarnúps og Gilár, samkvæmt gildandi fasteignamati á þeim tíma, er gjöld falla í gjalddaga. Þó skal aðeins greitt gjald af hálfu landverði Gilár, og komi sú ívilnun til hækkunar á landverð Marðarnúps og Guðrúnarstaða.
- b. Hinn helmingur kostnaðar greiðist árlega af fjáreigendum á samþykktar-svæðinu, og skal vorframtal það ár lagt til grundvallar. Þó greiði ábúendur Hofs ekki herra gjald en hlutfallslegt niðurfjöfnunargjald á 100 kindur, er þó má eigi fara fram úr 20 aorum á hverja kind, enda þótt að niðurfjöfnuð gjöld kynni að vera hærri á annað fé.

69 Þessi ívilnun fyrir Hof, gildir á meðan ábúendur Hofa nota beit yfir vorið 17. júlí í Gilhaga fyrir sauðfé, eða annari jörð utan samþykktarsvæðisins.

3. gr.

Félagsmenn eru allir þeir, er gjald greiða til samgirðingarinnar, og eiga heimilisfestu á félagssvæðinu það ár. Atkvæðisrétt hafa allir félagsmenn, og ræður afl atkvæða úrslitum, nema um breytingu á samþykktinni, þar fer um fundarsamþykkt samkvæmt lögum nr. 66, 22. nóv. 1913.

4. gr.

Félagsmenn kjósa sér stjórn til eins árs í senn, og skal hún skipuð 3 mönnum, formanni og 2 meðstjórnendum, er aðalfundur kys hvern í sínu lagi. Skal stjórnin hafa alla framkvæmd með uppsetningu og viðhaldi girðingarinnar, jafna niður gjöldum á félagsmenn, og innheimta þau, einnig skal hún fyrirskipa almennar fjársmalanir á samþykktarsvæðinu, þegar hún álitur þess þörf. Ef meiri hluti stjórnarinnar er sammála um þau mál, er henni ber að fjalla um, er það gildandi, sem hann gerir, ef minni hlutinn hefir verið boðaður á stjórnarnefndarfund, en hefir látið farast fyrir að mæta á fundi án gilda forfalla.

5. gr.

Félagsmenn halda aðalfund árlega, eigi síðar en í febrúar ár hvert. Á aðalfundi skal leggja fram til úrskurðar reikninga félagsins næsta ár á undan, skrá yfir niðurlögnun gjalda, og önnur reikningsskil félagsins. Aðalfundur kys 1 mann til endurskoðunar reikninga, og skulu þeir ávallt vera endurskoðaðir fyrir aðalfund.

6. gr.

Félagsgjöld falla í gjalddaga 1. nóvember ár hvert.
Reikningsárið er almanaksárið.

7. gr.

Utanfélagsmenn, er fá að hafa fé á samþykktarsvæðinu vor og haust, skulu borga fyrir það samkvæmt 2. gr. b-lið. Þeir, sem taka fé af utanfélagsmönnum, skulu tilkynna það félagstjórn fyrir 30. september þ. á. ella greiðist tvöfalt gjald af þeim fénaði.

8. gr.

Jarðir þær, er samþykkt þessi nær yfir, skulu hafa rétt til að hafa 1200 fjár sumarlangt innan samþykktarsvæðisins, og skiptast réttindi jarðanna þannig:

Guðrúnarstaðir	475	kindur
Marðarnúpur	425	—
Gilá	150	—
Hof og Kötlustaðir	150	—

9. gr.

69

Ef ábúendur einhverra jarðanna afgirða beutilönd sín, svo að þeir hafi sauðfé sitt innan girðingar vor og haust, skulu þeir eiga rétt til að fá hlutfallslega eign sína í samgirðingunni útborgaða, samkvæmt þágildandi mati á girðingunni. Hlutfallsleg eign hverrar jarðar telst samkvæmt samanlagðri afborgun á upphaflegum kostnaði við lagningu girðingarinnar, móti þá gildandi mati á girðingunni, þegar eignaskipta er krafizt. Þó getur félagið áskilið sér rétt til að afborga slíkar kröfur með jöfnum afborgunum í 5 ár vaxtalaust.

17. júlí

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð, samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

70

28. júlí

um

niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Vatnsskatt skal árlega greiða af öllum húsum í landareign jarðanna Hvanneyri og Höfn.

Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Skatturinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra véla í húsum, ef þær eru notaðar til iðnaðar.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skipt í flokka eftir virðingarverði þeirra, og vatnsskattur goldinn af þeim sem hér segir:

1. fl. Hús, sem virt eru allt að 7500 kr. 3‰.
2. fl. Hús, sem virt eru yfir 7500 kr. til 10000 kr. 2½‰.
3. fl. Hús, sem virt eru yfir 10000 kr.:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðs 2‰.
 — næstu 10000 kr. virðingarverðs 1½‰.
 — því sem þar er yfir 1‰.

Af verksmíðjum er vatnsskattur tvöfalt hærri.

Af húsum og fyrirtækjum, sem bærinn á að meiru en helmingi, greiðist ekki vatnsskattur.